

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 25. september 2019 í máli nr. E-73/2018:

Dawid smiður ehf.

(Hlöðver Kjartansson lögmaður)

gegn

KNA veitingum ehf.

(Sigurður Jónsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess þann 10. september sl., er höfðað af Dawid smiði ehf., Sunnuvegi 6, Þórshöfn, með stefnu birtri þann 9. maí 2018 á hendur KNA veitingum ehf., Eyrarvegi 3, Þórshöfn í Langanesbyggð.

Stefnandi gerir þær endanlegu dómkröfur að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 7.252.873 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 2.753.370 krónum frá 5. júní 2017 til 12. júní 2017, af 4.948.660 krónum frá þeim degi til 15. júlí 2017, af 7.252.873 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, með skuldajöfnuði þann 6. júlí 2017, að fjárhæð 1.149.947 krónur, og þann 31. ágúst 2017 að fjárhæð 823.930 krónur, sem dragast frá skuldinni miðað við stöðu hennar á þeim innborgunardögum. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda m.t.t. virðisaukaskatts.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að þær sæti lækkun frá því sem greinir í endanlegum dómkröfum stefnanda.

Þá krefst stefndi að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað m.t.t. virðisaukaskatts, en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

Rétt er að geta þess að stefndi höfðaði með stefnu birtri 11. júní 2018 annað einkamál, nr. E-117/18, á hendur stefnanda sem var síðan sameinað þessu máli 10. september sl. Voru málsaðilar þá jafnframt sammála um það að efnislegar dómkröfur þeirra í því máli féllu innan marka þeirra krafna sem getið er um hér að framansögðu. Verður þó litið sérstaklega til höfðunnar þess máls við ákvörðun málskostnaðar þar sem stefnandi hefur lýst því yfir að sú málsókn stefnda hafi verið tilefnislaus frá upphafi á meðan stefndi telur það ekki hafa legið ljóst fyrir þegar það mál var höfðað.

Ágreiningsefni og málsatvik

Tildrög málsins eru þau að með kaupsamningi, dags. 16. ágúst 2016, keypti stefndi húsið Sand við Eyrarveg 8 á Þórshöfn af Langanesbyggð, fyrir eina krónu, en stefndi rekur í þeirri sömu götu veitinga- og gistihúsið Bárúna. Í kaupsamningnum skuldbatt stefndi sig til að gera endurbætur á húsinu þannig að útlit þess yrði sem næst upprunalegu útliti og að hafa náði samráð við seljanda um allar ákvarðanir um þær endurbætur, t.a.m. varðandi val á klæðningu og gluggum. Skuldbatt stefndi sig til að

ljúka fyrst endurbótum á ytra byrði hússins og ganga frá lóðinni í kringum það. Skyldi þeim endurbótum og frágangi lokið eigi síðar en 1. maí 2017. Jafnframt skuldbatt stefndi sig til að ljúka endurbótum á húsinu eigi síðar en 1. maí 2018. Fyrir liggur að stefndi fékk lánafyrirgreiðslu, m.a. hjá Byggðastofnun, til að ráðast í framkvæmdirnar.

Áður en stefndi gekk frá ofangreindum kaupum ráðfærði forsvarsmáður hans sig við forsvarsmann stefnanda um það hver myndi verða mögulegur kostnaður við endurnýjun hússins og var þá reiknað með heildarkostnaði á bilinu 34-36 milljónir og að stefnt væri að verklokum í maí 2017. Stefnandi tók síðan að sér sem verktaki að beiðni stefnda að endurbyggja og innrétta húsið Sand fyrir stefnda sem verkkaupa, en stefndi hugðist opna þar gistihús eða hótél. Varð að samkomulagi málsaðila að stefnandi myndi inna verk þetta af hendi fyrir stefnda sem reikningsverk í tímavinnu, þ.e. gegn tímagjaldi og legði jafnframt til efni, og hófust framkvæmdir stefnanda við húsið í nóvember 2016 og stóðu fram í júlí 2017. Við verkið unnu í fyrstu tveir til þrjár starfsmenn stefnanda, en síðan hafi þurft að fjölga þeim umtalsvert eða í átta mest til þess að hraða verkinu og standast framangreindar tímasetningar og áfanga sem stefndi hafði skuldbundið sig til í áðurnefndum kaupsamningi um húsið. Liggur fyrir að sumarið 2017 hafi stefnandi áætlað heildarkostnaðinn vera um 54 milljónir króna sem hafi verið verulega umfram þær forsendur sem lánveitingar til stefnda tóku mið af.

Óumdeilt er að útgefnir reikningar stefnanda til stefnda vegna framkvæmdanna voru framan af greiddir, þ.e. fyrir tímabilið frá 18. nóvember 2016 til 22. maí 2017, samtals að fjárhæð 14.080.839 krónur. En í júlí 2017 hafi stefndi síðan hætt að greiða frekari reikninga til stefnanda og stefnandi þá að sama skapi látið af frekari vinnu fyrir stefnda. Ógreiddir reikningar vegna framangreindrar vinnu stefnanda í þágu stefnda á tímabilinu maí-júlí 2017 nemi alls 18.662.751 krónu sem var upphafleg stefnufjárhæð stefnanda. En frá þeirri fjárhæð dragist þó tveir reikningar stefnda á hendur stefnanda, sem stefnandi viðurkennir með yfirlýstum skuldajöfnuði hans þann 19. febrúar 2018 sem innborganir stefnda á innborgunardögum. Það eru reikningur frá Eimskip, dags. 6. júlí 2017, að fjárhæð 1.149.947 krónur, og reikningur, dags. 31. ágúst 2017, frá stefnda vegna kaupa stefnanda á veitingum frá stefnda, að fjárhæð 823.930 krónur. Stefnandi hafi ekki sinnt áskorunum stefnanda um greiðslu skuldar við hann samkvæmt framangreindu og því hafi málsókn þessi verið nauðsynleg til innheimtu hennar.

Geta ber þess að í ljósi framangreindra ætlaðra vanefnda stefnda á greiðslum reikninga til stefnanda þá hætti stefnandi vinnu fyrir stefnda við umrætt hús og telur stefndi að þær ráðstafanir hans hafi orðið stefnda til tjóns. Hefur stefndi byggt á því að framangreindir reikningar stefnanda séu úr öllu hófi og að óvíst sé um skuldauppgjör. Í október 2017 hafi stefndi fengið byggingarfræðing til að leggja mat á þá verkþætti sem lokið hafi verið við endurnýjun hússins og til að gera áætlun um það hversu mikið það myndi kosta að ljúka við endurnýjun hússins. Í því mati hafi komið fram að hann teldi að eðlilegt verð fyrir þá verkþætti sem stefnandi hafði lokið við væri 14.410.000 krónur, en að heildarverð endurbótanna ætti að vera 35.486.000 krónur. Í því ljósi hafi stefndi síðar hafið sérstakt innheimtumál á hendur stefnanda fyrir þeim framangreindu tveimur reikningum sem stefnandi viðurkennir að hafa skuldað stefnda, en sem

stefnandi telur aðeins hafa verið ígildi innborgunar stefnda inn á skuld stefnda við stefnanda eftir yfirlýstan skuldajöfnuð stefnanda, sbr. 27. og 28. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök af hálfu stefnanda

Stefnandi vísi til þess að umrædd skuld stefnda byggist á eftirtöldum reikningum stefnanda og sundurliðun sem í þeim og meðfylgjandi vinnu- og efnislistum stefnanda greinir vegna vinnu hans fyrir stefnda mánuðina maí til og með júlí 2017 sem verktaki við að endurbyggja og innrétta húsið Sand að Eyrarvegi 8 á Þórshöfn í Langanesbyggð sem stefndi hyggist opna sem gistihús/hótel:

Útg./Gjalddagi:	Fjárhæð:	Samtala:
Reikningur nr. 1005 – 05.06.2017	2.753.370	
Reikningur nr. 1015 – 12.06.2017	2.195.290	4.948.660
Reikningur nr. 1078 – 15.07.2017	3.273.877	
Reikningur nr. 1079 – 15.07.2017	4.791.188	13.013.725
Reikningur nr. 1069 – 14.08.2017	2.397.033	15.410.758
Reikningur nr. 1126 – 26.09.2017	3.059.793	18.470.751
Reikningur nr. 1175 – 12.12.2017	192.200	18.662.751

Þetta sé stefnufjárhæðin, en frá henni komi til frádráttar innborganir með skuldajöfnuði eftirgreindar upphæðir sem dragist frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardögum – annars vegar frá Eimskip - reikningur nr. SE021214, útgefinn 6. júlí 2017, að fjárhæð 1.149.947 krónur, og hins vegar reikningur frá stefnda nr. 540, útgefinn 31. ágúst 2017, að fjárhæð 1.058.930 krónur, sem stefnandi viðurkennir til frádráttar en þó sem 823.930, krónur, sem dragist frá skuld stefnda við stefnanda að fjárhæð 18.662.751 króna miðað við stöðu á þeim innborgunardögum. En stefndi hafi ekki sinnt áskorunum stefnanda um greiðslu ofangreindra reikninga.

Stefnandi byggi einnig á því að ljóst sé af fyrirliggjandi málsgögnum að umræddar framkvæmdir við húsið hafi verið þess eðlis að húsið hafi þurft nær algerrar endurbyggingar við. Vinnu við endurbyggingu hússins og frágang lóðar hafi stefnandi tekið að sér fyrir stefnda að beiðni forsvarsmanns hans. Hafi framkvæmdir stefnanda hafist í nóvember 2016 og staðið fram í júlí 2017. Við verkið hafi í fyrstu unnið þrjú starfsmenn, en síðan hafi þurft að fjölga þeim til þess að hraða verkinu og standast framangreindar tímasetningar og áfanga sem stefndi hafði skuldbundið sig til í áðurnefndum kaupsamningi, en á endanum hafi átta starfsmenn unnið við verkið. Á nefndu tímabili hafi framkvæmdir gengið eins og áætlað hafi verið, en eftir það hafi forsvarsmáður stefnda spurt hvort stefnandi gæti lokið framkvæmdum fyrir 1. ágúst 2017. Hafi forsvarsmáður stefnanda játað því, en sagt að þá þyrfti hann að bæta við fleiri starfsmönnum og að sá kostnaður myndi því aukast að sama skapi.

Svo sem reikningar stefnanda, tímabilið 18. nóvember 2016 til 22. maí 2017, samtals að fjárhæð 14.080.839 krónur, og fylgiskjöl með þeim beri með sér, þá hafi þeir allir verið greiddir að fullu og athugasemdalaust af stefnda, en í framhaldi af því og eftir að starfsmönnum hafi verið fjölgað í átta hafi upphafist vanefndir stefnda á greiðslum reikninga til stefnanda. Þeir fyrirliggjandi reikningar séu samtals að fjárhæð 18.662.751 króna. Vegna þeirra vanefnda stefnda hafi stefnandi verið nauðugur sá

kostur að stöðva framkvæmdir sínar. Stefndi hafi engar athugasemdir gert við þá reikninga eða fylgiskjöl þeirra, vinnu- og efnislistana. Séu þeir reikningar og fylgiskjöl sama eðlis og hinir greiddu reikningar. Algerar vanefndir stefnda á greiðslu þeirra verði ekki ætlaðar aðrar en þær að stafa af getu- eða viljaleysi stefnda til efnda.

Umsamið hafi verið á milli aðila að stefnandi tæki umrætt verk að sér gegn tímagjaldi og legði einnig til efni. Viðurkennt sé í gögnum málsins að stefnandi hafi unnið verk þetta sem verktaki fyrir stefnda en sem reikningsverk gegn tímagjaldi. Beri stefnda því samkvæmt almennum reglum kröfuréttar að greiða stefnanda reikninga hans að fullu nema hann hnekki réttmæti þeirra. Stefnandi byggji kröfur sínar á nefndum reikningum ásamt meðfylgjandi vinnu- og efnislistum. Þeim reikningum til frádráttar viðurkenni stefnandi framangreinda tvo reikninga frá stefnda sem dragist frá skuld stefnda við stefnanda að fjárhæð 18.662.751 króna, miðað við stöðu hennar á innborgunardögum. Hafi sérstök síðar tilkomin málsókn stefnda á hendur stefnanda vegna þessara tveggja reikninga því verið með öllu tilhæfulaus.

Málsástæður og lagarök af hálfu stefnda

Af hálfu stefnda sé byggt á því að þeir reikningar sem stefnandi hafi lagt fram séu ósanngjarnir og allt of háir. Verkstjórn hafi verið áfátt og of margar vinnustundir verið skrifaðar á verkið. Undir rekstri málsins verði aflað matsgerðar til að sýna fram á að svo sé. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið gerður skriflegur samningur með aðilum máls þessa um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar í heildarendurgjald til stefnanda fyrir að endurnýja húsið Sand að Eyrarvegi 8, og að um hafi verið að ræða reikningsverk þar sem reikninga hafi átt að greiða í samræmi við framvindu verks, þá hafi legið fyrir áætlun gerð af stefnanda upp á 34-36 milljónir króna, sem stefndi hafi miðað við þegar hann hafi ráðið stefnanda til verksins. Það sé meginregla kröfuréttar, sem meðal annars komi fram í 45. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, að þegar um reikningsverk sé að ræða þá beri verkkaupa að greiða það verð er sanngjarnt sé miðað við vinnuframlag, gæði verks, efniskaup og annað sem þýðingu hafi. Fyrir liggja matsgerð Lúthers Ólasonar er aflað hafi verið einhliða af stefnda þannig að stefnandi geti dregið sönnunargildi hennar í efa. Sönnunarbyrði fyrir því að umkrafið verð sé ósanngjarnt hvíli á stefnda og af þeim sökum verði aflað matsgerðar í því skyni.

Byggt sé á því að tímagjald einstakra starfsmanna, þá einkum lærlinga og óreyndra stafsmanna, sé of hátt miðað við verkstjórn og að reikningar stefnanda séu ófullkomnir og skilgreini ekki nægilega skýrt hvað verið var að gera á hverjum tíma. Enn fremur sé byggt á því að verk það sem reikningar stefnanda fjalli um sé ófullkomið og ekki forsvaranlega unnið. Nauðsynlegt sé að rífa niður hluta af því sem stefnandi hafi gert og setja nýtt í staðinn. Þá sé því haldið fram að stefnandi hafi valdið stefnda tjóni með því að halda hjá sér byggingarefni sem stefnda hafi verið nauðsyn að fá. Hafi stefndi því þurft að afla nýs efnis að hluta til. Þá hafi stefnandi valdið stefnda tjóni með því að gefa út ósanngjarna reikninga og hlaupa frá verkinu.

Til vara krefjast stefndi lækkunar á dómkröfunni til samræmis við niðurstöðu væntanlegrar matsgerðar, þ.e. ef í ljós komi að það verk sem stefnandi hafi innt af hendi verði talið meira virði en sú fjárhæð sem stefndi hafi þegar greitt til stefnanda.

Auk þess sé vísað til 36. gr. laga nr. 7/1936 til stuðnings því að samningi skuli vikið til hliðar að hluta og greiðsla samkvæmt hinum meinta samningi skuli lækka. Telji stefndi bæði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri fyrir sig þann samning sem hann haldi fram að sé til grundvallar réttarsambandi aðila. Þau atriði sem beri að líta til við mat á því, sbr. 2. mgr., séu staða aðila, atvik við samningsgerð og efni samnings. Stefnandi hafi ótvírætt verið sérfróði aðilinn í samningssambandinu og með miklu meiri þekkingu á byggingarferlinu en stefndi. Stefnandi hafi verið í góðri trú um það að áætlun stefnanda um heildarverð fyrir verkið myndi standast enda sé kaupverðið sem stefnandi krefjist mun hærra en gangverð sambærilegra verka og auk þess ósanngjarnt miðað við eðli verksins og umfang.

Niðurstaða

Mál þetta hefur að mati dómsins skýrst verulega undir rekstri þess og þá einkum eftir að fyrir lá loks matsgerð dómkvadds matsmanns, Bergs Steingrímssonar byggingarverkfærðings, dags. 5. mars 2019, sem matsmaður staðfesti hér fyrir dómi. Var matsmanni í matsbeiðni einkum falið að leggja mat á það hvert væri sanngjarnt endurgjald fyrir þá vinnu og efni er stefnandi hafði lagt til við endurbætur á umræddri húsbyggingu, Sandi á Þórshöfn, á tímabilinu frá október 2016 og til júlí 2017. Hefur niðurstaða matsgerðarinnar, sem lögð var fram hér fyrir dóminn af stefnda sem matsbeiðanda, og sem er vönduð í alla staði og hefur ekki verið hrakin með öðrum viðlíka eða veigameiri sönnunargögnum, leitt í ljós að eðlilegt endurgjald fyrir umrætt verk og útlagðan kostnað sem þegar hefur verið innt af hendi af stefnanda í þágu stefnda við umræddar framkvæmdir við umrætt hús stefnda, hafi að réttu lagi numið 21.333.712 krónum með virðisaukaskatti. Liggur þá einnig fyrir að stefnandi hefur nú aðlagð endanlega kröfugerð sína í málinu að framangreindum niðurstöðum í matsgerðinni með því að draga þegar greiddar 14.080.839 krónur af hálfu stefnda til stefnanda frá framangreindu kostnaðarmati og fæst þá út stefnukrafa hans, sem hann telur þá rétta vera 7.252.873 krónur, en ekki hefur verið gerður tölulegur ágreiningur um þetta. Enn fremur hefur stefndi lýst því yfir hér fyrir dómi að hann geri ekki lengur sérstakan ágreining um þær fjárhæðir sem stefnandi hefur lagt til grundvallar að koma eigi til frádráttar í þágu stefnda og birtast hér í endanlegum stefnukröfum stefnanda. Stefnandi telur þó ekki einboðið að honum hafi mátt vera ljóst að hann stæði réttilega í skuld við stefnanda þegar hann höfðaði sérstakt innheimtumál vegna þeirra krafna. Eru málsaðilar nú samála um að það mál sem sameinað var þessu máli hafi í reynd ekki þýðingu nema hvað varðar úrlausn málskostnaðar með tilliti til höfðunnar þess.

Að mati dómsins leiðir allt framangreint til þess að fallast beri á endanlegar dómkröfur stefnanda, eins og þær liggja nú hér fyrir, og þar á meðal um dráttarvexti, enda hefur stefndi ekki fært fram gild rök fyrir því að þeir eigi ekki þannig við, en ekki er í dómsorði vikið að kröfu stefnanda um vaxtavexti er teljast vera lögákveðin. Þá verður ekki fallist á að unnt sé að taka hér afstöðu til síðbúinna röksemda stefnda um ætlað tjón hans vegna einhvers konar ætlaðra vanefnda stefnanda, hér til lækkunar.

Hvað varðar málskostnað, þá fellst dómurinn hins vegar á þau rök stefnda að öflun matsgerðar af hans hálfu hafi ótvírætt haft afgerandi þýðingu við rétta úrlausn

málsins, en stefndi bar sem matsbeiðandi kostnað af öflun hennar. En á móti kemur að ekki verður fallist á að stefnda hafi eins og á stóð verið rétt að höfða sérstakt mál um þær kröfur á hendur stefnanda sem stefnandi hafði þá þegar viðurkennt og ljóst mátti þá vera að meiri líkur en minni stæðu til þess að stefndi ætti ekki inni fé hjá stefnanda. Að öllu þessu virtu þykir rétt að málskostnaður milli aðila verði hér látinn niður falla.

Málið fluttu Hlöðver Kjartansson lögmaður fyrir stefnanda, en Sigurður Jónsson lögmaður fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn. Dómarinn tók við meðferð málsins 10. febrúar sl., en hafði fram til þess engin afskipti af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, KNA veitingar ehf., greiði stefnanda, Dawid smiði ehf., 7.252.873 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 2.753.370 krónum frá 5. júní 2017 til 12. júní 2017, af 4.948.660 krónum frá þeim degi til 15. júlí 2017, en af 7.252.873 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt þó að frádregnum innborgunum, þann 6. júlí 2017 að fjárhæð 1.149.947 krónur og þann 31. ágúst 2017 að fjárhæð 823.930 krónur, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á þeim innborgunardögum.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminn kveður upp Pétur Dam Leifsson héraðsdómari.